



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

9. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn mánudaginn 30. október 2023 kl 20.00 í Hvítárdal, Hrunamannahreppi.

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson aðalmaður, Þórarinn Guðni Helgason forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero og Margrét Sævarsdóttir formaður Foreldrafélags Flúðaskóla

1. Kynning á Starfi félagsmiðstöðvarinnar
 - a. Þórarinn fer yfir starf félagsmiðstöðvarinnar Zero. Faglegt og gott starf unnið innan félagsmiðstöðvarinnar.
2. Skipun í ungmennaráð
 - a. Anna Katrín Víðisdóttir – aðalmaður skipuð í 1 ár
 - b. Ingunn Lilja Arnórsdóttir – aðalmaður skipuð í 2 ár
 - c. Guðrún Lilja Árnadóttir – aðalmaður skipuð í 2 ár
 - d. Valdís Una Guðmannsdóttir – varamaður skipuð í 2 ár
3. Forvarnir og forvarnarstarf fyrir börn í grunnskóla.
 - a. Lýðheilsa- og forvarnir eru langtímaverkefni. Ávinningur þeirra kemur yfirleitt í ljós á löngum tíma og þar reynir á þolinmæði og skýra heildar- og framtíðarsýn. Því miður skortir nokkuð á þennan skilning. Okkur er enn tamt að tala um forvarnir í verkefna- og skammtímasamhengi, s.s. forvarnaátök, forvarnavikur eða forvarnadaga. Lýðheilsufræðsla er margþætt viðfangsefni sem snýr bæði að almenningi og þeim sem bera ábyrgð á samfélagslegum ákvörðunum og stefnumörkun og eru viðvarandi verkefni.
 - b. Eitt af forvarnarstarfi er að sporna gegn tóbaks og nikótín notkun barna. Hátt í 30% barna í 10. bekk á Íslandi hefur prófað rafsígarettur og um 11 % sem nota rafsígarettur dagleg. Vitum við hver staðan er á börnum í Flúðaskóla og hvað getum við gert sem samfélag til að minnka líkur á því að börnin okkar ánetjist nikótíni eða tóbaki.
 - c. Annað áhyggjuefni er orkudrykkjanotkun unglinga. Mikilvægt er að fá samkaup í samvinnu með að erfiða unglíngum að kaupa orkudrykki í Krambúiðinni á Flúðum.
 - d. Alltaf mikilvægt að fara yfir samskipti kynja og kenna börnum hver mörkin þeirra eru.

- e. Nýta ferðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar í forvarnafræðslu í leiðinni.
 - f. Vangaveltur hvort hægt væri að koma forvarnarfræðslu inni skólann og nýta smiðjur þegar fleiri börn úr uppsveitum koma saman. Forvarnafræðsla ætti að vera fyrir miðstig og unglingastig. Nefndin mun leggja þessa hugmynd fyrir skólastjórnendur Flúðaskóla.
 - g. Forvarnarstarf er virkt í félagsmiðstöðinni en þyrfti að samþætta betur forvarnarstarf samfélagsins, skólans, heimila og félagsmiðstöðvarinnar. Hugmynd að hittast í upphafi hvers skólaárs nedndin, formaður foreldrafélagsins, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar, starfsmaður heilsueflandi samfélags og starfsmanni frá skóla. Þar væri hægt að greina þörf á forvarnafræðslu á hverjum tíma fyrir sig.
 - h. Hugmynd um ungmennahús þar sem hægt væri að vera með frístund fyrir yngstastig, félagsmiðstöð fyrir miðstig og félagsmiðstöð fyrir unglingastig og aðstöðu fyrir ungmenni sem eru búin með grunnskóla og vilja hafa samastað til að hittast. Spurning hvort að það væri hagkvæmara að hafa tvo starfsmenn sem myndu sjá um þetta ungmennahús/rými.
4. Syndum - Landsátak í sundi í 1. – 30. nóvember
- a. Nefndin vill hvetja íbúa til að nýta sér sundlaugina okkar og taka þátt í þessu frábæra landsátaki Syndum. Hægt er að skrá sig á www.syndum.is. Allir þátttakendur fara í pott og eiga möguleika á að vinna veglegan vinning.

Fundi slitið kl. 22.00